

Orkubú Vestfjarða ohf
Stakkanes 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 25. júlí 2019
UST201906-300/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Flókalundur - skýli fyrir hleðslustöð og tengikassa

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Orkubús Vestfjarða ohf, dagsett 27. júní, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins Vatnsfjarðar.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsingu nr. 96/1975. Mannvirkjagerð, jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Ráðgert er að setja upp hraðhleðslustöð og tengikassa í Flókalundi. Setja þarf upp skýli sem hýsir stöðina en pláss verður fyrir tvær stöðvar í skýlinu. Til að byrja með verður einungis sett upp ein hleðslustöð. Skýlið yrði staðsett á bílastæði framan við Hótel Flókalundur sbr. teikning sem fylgdi umsókn umsækjanda. Skýlið er úr gleri og koparrörum og hvílir á steyptri undirstöðu. Gólfhlötur skýlisins er 1,57 metra breiður og 2,97 metra langur. Hæð skýlisins er 2,337 metrar. Að verkinu koma tveir menn Orkubús Vestfjarða og verktaki á lítilli skurðgröfu. Farið verður í verkefnið um leið og leyfi fæst fyrir framkvæmdinni og eru verklok áætluð í ágúst 2019.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á náttúru og verndargildi svæðisins. Framkvæmdin fer fram á áður röskuðu svæði á bílastæði við Hótel Flókalundur. Gestir hótelsins munu líklegast verða fyrir truflunum af völdum framkvæmdarinnar en hinn almenni gestur friðlandsins mun litið verða var við hana.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Orkubúi Vestfjarða leyfi fyrir uppsetningu á hraðhleðslustöð við Hótel Flókalundur innan friðlandsins í Vatnsfirði sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu lok júlí til 31. ágúst 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Allur akstur utan vega er bannaður. Einungis skal aka vinnuvélum vegna framkvæmdarinnar innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmsína Bragadóttir
sérfræðingur